

Borgarstjórn Reykjavíkur
19. mars 2024

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun ákvörðunar um niðurlagningu Borgarskjalasafns

Borgarstjórn samþykkir að endurskoða ákvörðun sína frá 7. mars 2023 um að leggja niður Borgarskjalasafn í núverandi mynd og að starfsemi safnsins verði tryggð til framtíðar.

Greinargerð

Um þessar mundir liggja fyrir drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn. Þar segir að ef standi til að hætta starfsemi héraðsskjalasafna skuli Þjóðskjalasafni afhent safngögnin á kostnað þess sveitarfélags sem að því stendur. Í 2. gr. b-liðar er kveðið á um „að þegar skjöl sveitarfélags séu afhent Þjóðskjalasafni Íslands skal greiða fyrir móttöku þeirra, vörslu, ráðgjöf um skjalahald og eftirlit samkvæmt gjaldskrá.“ Með þessu má ætla að ef frumvarpið nær fram að ganga þá eru forsendur meirihlutans fyrir lokun Borgarskjalasafns brostnar þar sem ljóst má telja að flutningur Borgarskjalasafns eða gagna safnsins yfir í Þjóðskjalasafn á eftir að vera kostnaðarsamt.

Eins flestum er í fersku minni kom ákvörðun um niðurlagningu Borgarskjalasafns eins og reiðarslag, nánast úr launsátri. Samráði um frumvarpið lauk fyrir skemmstu og hafa margar athugasemdir borist. Í umsögnum er m.a. lögð áhersla á, þ.m.t. frá vísindasamfélaginu, að ákvörðun um að leggja niður Borgarskjalasafn verði snúið við. Einnig að mikilvægt sé að tryggja örugga skjalavörslu og að lögfesta skyldu sveitarfélaga til að vera aðili að héraðsskjalasafni.